

FRÉTTABRÉF HÖRGÁRSVEITAR

15. janúar 2026 | 17. árgangur 1. tölublað



HÖRGÁRSVEIT

FRÉTTIR OG TILKYNNINGAR

Opnunarmót Píludeildar Smárans

Mánudaginn 19. janúar kl. 20 í Íþróttamiðstöðinni á Þelamörk
Sjá viðburð **HÉR**



Melablótið 2026

Melablótið verður haldið laugardaginn 24. janúar.

Dósi & Synir Þorra spilar fyrir dansi fram á nótt.

Miðapantanir: 20.-21. janúar 20:00 - 22:00. Miðaverð 5.500 kr

Ragga Magga: sími 862-8761, Beta: sími 863-5250

Húsið opnar kl 20:00 og borðhald hefst kl 20:30.

Hver og einn kemur með sinn mat og drykk ásamt hnífapörum.

Þorrablót Hörgársveitar

Allar upplýsingar er að nálgast á FB viðburði

þorrablótsins, sjá **HÉR**. Augýsing einnig hér aftar í fréttabréfinu.

Íþróttaskóli Smárans í íþróttahúsinu á Þelamörk

Sunnudaginn 18. janúar kl. 10:00-11:00, öll börn velkomin.



Næsti fundur sveitarstjórnar

Þriðjudaginn 27. janúar klukkan 17:00.

Útdráttur úr fundargerð sveitarstjórnar

Miðvikudaginn 14. janúar 2026 kl. 16:00 kom sveitarstjórn Hörgársveitar saman til fundar á skrifstofu sveitarfélagsins í Þelamerkurskóla.
Fundarmenn: Axel Grettisson oddviti, Jón Þór Benediktsson, Ásrún Árnadóttir, Sunna María Jónasdóttir og Jónas Þór Jónasson.

Fundarritari: Snorri Finnlaugsson sveitarstjóri

Þetta gerðist:

1. Fundargerðir afgreiðslufunda SBE frá 103. og 104. fundi

Fundargerðirnar lagðar fram.

2. Fundargerð Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra frá 245. fundi

Fundargerðin lögð fram.

3. Fundargerðir stjórnar Samb. ísl. sveitarfélaga frá 990. og 991. fundi

Fundargerðirnar lagðar fram.

4. Vegagerðin, tilkynningar um niðurfellingu vega af vegaskrá

Lögð fram afrit af þremur bréfum frá Vegagerðinni þar sem tilkynnt er um niðurfellingar á vegum af vegaskrá. Ákveðið að leita eftir röksemdum fyrir niðurfellingu þessarar vega af vegaskrá.

Sveitarstjórn Hörgársveitar gerir athugasemdir við verkferil Vegagerðarinnar um að vegir þurfi að uppfylla önnur skilyrði þegar þeir eru teknir aftur inn á vegaskrá heldur en þegar þeir voru afskráðir. Um þetta er í það minnsta eitt nýlegt dæmi í Hörgársveit. Eðlilegt megi telja að úttekt fari fram á ástandi vegar við afskráningu og að ekki sé þá gerð ríkari krafa til vegarins þegar hann er tekinn inn aftur. Þá vekur furðu hversu fljótt Vegagerðin grípur til niðurfellinga vega við breytingar á lögheimilisskráningum við viðkomandi vegi.

5. Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra, umsóknir um tækifærisleyfi, umsagnir

a) Lagt fram erindi þar sem óskað er eftir umsögn vegna umsóknar um tækifærisleyfi til skemmtanahalds vegna þorablóts á Melum í Hörgársveit þann 24.1.2026.

Sveitarstjórn samþykkti að gera ekki athugasemd fyrir sitt leyti við að leyfið verði veitt.

b) Lagt fram erindi þar sem óskað er eftir umsögn vegna umsóknar um tækifærisleyfi til skemmtanahalds vegna þorablóts í Íþróttamiðstöðinni Þelamörk, Hörgársveit þann 7.2.2026.

Sveitarstjórn samþykkti að gera ekki athugasemd fyrir sitt leyti við að leyfið verði veitt.

6. Hjalteyri, erindi vegna ferðapjónustu

Lagt fram erindi þar sem kynntar eru hugmyndir um viðbót við ferðapjónustu á Hjalteyri með staðsetningu á skipi að hluta til uppá landi.

Sveitarstjórn sér ekki fyrir sér að þessi áhugaverða hugmynd sé raunhæf á Hjalteyri út frá þeim gögnum sem liggja fyrir.

7. Húsnæðisáætlun, uppfærsla

Umræður vegna vinnslu við uppfærslu húsnæðisáætlunar Hörgársveitar 2026.

8. Gjald dagar fasteignagjalda

Umræður og ákvörðun um fjölda gjalldaga og dagsetningu á fyrsta gjalddaga ársins.

Sveitarstjórn samþykkti að fyrsti gjalddagi fasteignagjalda verði 5. febrúar og eindagi 30 dögum síðar. Gjald dagar á ári verði 10.

9. Lánasjóður sveitarfélaga, lántaka

Lagt fram minnisblað vegna lántöku samkvæmt fjárhagsáætlun 2026.

Ákvörðun um lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga með veði í tekjum sveitarfélagsins: Sveitarstjórn Hörgársveitar samþykkir hér með á fundi sínum að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að höfuðstól allt að kr. 85.000.000,- samkvæmt þeim lánaskilmálum sem í boði eru á þeim tíma sem lánið er tekið. Lántakan getur verið í formi skammtímaláns, sem forvera langtímaláns, eða sem langtímalán í þeim skuldabréfaflokkum sem Lánasjóðurinn býður hverju sinni. Sveitarstjórnin hefur kynnt sér skilmála viðkomandi skuldabréfaflokka eins og þeir birtast á heimasíðu Lánasjóðsins.

Til tryggingar láninu – þ.m.t. höfuðstól, vöxtum, verðbótum, dráttarvöxtum, uppgreiðslugjaldi og öðrum kostnaði – samþykkir sveitarstjórnin að tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, nánar tiltekið útsvarstekjur og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, verði veðsettar.

Lánið er tekið til endurbyggingar á húsnæði grunnskóla sveitarfélagsins. Um er að ræða verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga nr. 150/2006 um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga.

Jafnframt er Snorra Finnlaugssyni sveitarstjóra Hörgársveitar kt. 210260-3829, veitt fullt og ótakmarkað umboð til að undirrita lánasamning við Lánasjóð sveitarfélaga f.h.

Hörgársveitar, sem og til að móttaka, undirrita, gefa út og afhenda öll skjöl, fyrirmæli og tilkynningar sem tengjast lántökunni, þar á meðal beiðni um útborgun láns.

10. Fundardagar janúar – maí 2026

Lögð fram áætlun um fundardaga sveitarstjórnar janúar – maí 2026.

11. Trúnaðarmál

Fleira gerðist ekki, fundi slitið kl. 18:00

Aðalskipulag Hörgársveitar 2024-2044

Sveitarstjórn Hörgársveitar samþykkti á fundi sínum 28. nóvember 2025 að vísa vinnslutillögu vegna endurskoðunar Aðalskipulags Hörgársveitar 2024-2044 í kynningu samkvæmt 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Aðalskipulag þetta er endurskoðun á Aðalskipulagi Hörgársveitar 2012-2024. Í Aðalskipulagi ber sveitarfélögum að setja fram stefnu og ákvarðanir sveitarstjórnar um framtíðarnotkun lands og fyrirkomulag byggðar, um landnotkun, byggðapróun og -mynstur, samgöngu- og þjónustukerfi og atvinnu-og umhverfismál.

Vinnslutillagan er aðgengileg á skrifstofu Hörgársveitar milli 11. desember 2025 og 22. janúar 2026, á heimasíðu sveitarfélagsins (horgarsveit.is) og á vef Skipulagsgáttar (skipulagsgatt.is) undir málsnúmeri 825/2023. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna til 22. janúars 2026 á vef Skipulagsgáttar.

Vinnslutillagan verður einnig kynnt á opnu húsi á sveitarskrifstofu Hörgársveitar, Þelamerkurskóla 22. janúar 2026 frá kl 12-15. Frekari upplýsingar er hægt að nálgast hjá Skipulags- og byggingarfulltrúa Eyjafjarðar, Skólatröð 9, 605 Akureyri, eða í tölvupósti á netfangið sbe@sbe.is.

Sjá frétt á heimasíðu Hörgársveitar **HÉR**

ÞORRABLÓT

Hörgársveitar

Haldid í

ÍÞRÓTTAHÚSINU Á ÞELAMÖRK
LAUGARDAGINN

7.FEBRÚAR

HÚSIÐ OPNAR 19:00

BORÐHALD HEFST 20:00

DANSLEIKUR HEFST 23:30

16 ÁRA
ALDURSTAKMARK

JÓI Í MÚLAKAFFI SÉR UM MATINN

KALDI SÉR UM FORDRYKKINA

PÉTUR OG BENNI SJÁ UM VEISLUSTJÓRN

FÆRIBANDIÐ SÉR UM DANSLEIKINN

MIÐAPANTANIR FARA FRAM
MIÐVIKUDAGINN 28.JAN OG
FIMMTUDAGINN 29.JAN

MILLI KLUKKAN
18:00 OG 22:00

MIÐAR AFHENTIR

LAUGARDAGINN 31.JAN Í
ANDYRI ÍÞRÓTTAHÚSSINS Á
ÞELAMÖRK MILLI KLUKKAN

13:00 OG 17:00

MIÐAVERÐ: 14.000KR

MIÐAVERÐ Á DANSLEIK: 6.000KR



MIÐAPANTANIR:
JÓA 8623152
SIGRÚN 6609036
SIGGA HREFNA 8600226

NEFNDIN

